

Fundargerð 116. fundar stjórnar SSNV, 7. janúar 2025

Þriðjudaginn 7. janúar 2025, kom stjórn SSNV saman á Temas. Hófst fundurinn kl. 9.30. Mætt voru: Einar E. Einarsson, Magnús Magnússon, Guðmundur Haukur Jakobsson, Álfhildur Leifsdóttir, Halldór Gunnar Ólafsson og Katrín M. Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Framlög ársins 2025
2. Skipulag ársins
3. Verkefni Uppbyggingarsjóðs 2025 og framsetning þeirra
4. C.1 verkefni – umsóknir SSNV
5. Verkefnastjóri farsældar
6. Framlögð mál til kynningar
 - a. Fundargerðir
 - b. Umsagnir
7. Skýrsla framkvæmdastjóra

Afgreiðslur

1. Framlög ársins 2025.

Framkvæmdastjóri fór yfir staðfest grunnframlög til landshlutasamtakanna árið 2025.

Framlög ársins til SSNV- sundurliðun 2025:

Grunnframlag til sóknaráætlunar	109.148.650
Viðaukasamningur sóknaráætlunar	14.906.200
Vegna atvinnu- og byggðáþróunar	32.684.439
Framlag Jöfnunarsjóðs	51.320.496 (<i>áætlað</i>)

Nánar:

Sóknaráætlun

Framlög ríkisins til sóknaráætlana landshluta koma frá innviðaráðuneyti, af fjárlagalið 10-701 1.15, menningar- og viðskiptaráðuneyti, af fjárlagalið 16-295 1.21 og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti, af fjárlagalið 14-190 1.90.

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2025 er heildarframlag ráðuneyta til sóknaráætlana landshluta samtals 865,7 m.kr. Framlagið skiptist þannig að 552,1 m.kr. kemur frá innviðaráðuneytinu, 223,6 m.kr. frá menningar- og viðskiptaráðuneytinu og 90 m.kr. koma frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu.

Framlög ráðuneytanna skiptast á milli landshluta samkvæmt viðmiðunarreglum sem stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál gerir tillögu að og leggur fyrir ráðherra.

Grunnframlag ríkisins til sóknaráætlana landshluta árið 2025 liggur fyrir og nemur það samtals 865,7 m.kr. og skiptast þannig:

- 552,1 m.kr. frá innviðaráðuneyti, af fjárlagalið 10-701 1.15.
- 223,6 m.kr. frá menningar- og viðskiptaráðuneyti, af fjárlagalið 16-295 1.21.
- 90 m.kr. frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti, af fjárlagalið 14-190 1.90.

Tafla 1. Skipting grunnframlaga Sóknaaráætlanna milli landshluta árið 2025

	Upphæð 2024	Hlutdeild 2024	Upphæð 2025	Hlutdeild 2025	Mismunur	Hlutf. breyting	Munur á hlutdeild
Vesturland	98.732.123	12,6%	105.203.989	12,2%	6.471.866	6,6%	-0,5 %pt
Vestfirðir	107.286.266	13,7%	120.465.109	13,9%	13.178.843	12,3%	+0,2 %pt
Norðurland v.	104.888.742	13,4%	109.148.650	12,6%	4.259.908	4,1%	-0,8 %pt
Norðurland e.	127.933.731	16,4%	135.388.042	15,6%	7.454.311	5,8%	-0,7 %pt
Austurland	104.266.283	13,3%	121.800.484	14,1%	17.534.201	16,8%	+0,7 %pt
Suðurland	113.457.371	14,5%	127.433.889	14,7%	13.976.518	12,3%	+0,2 %pt
Suðurnes	95.035.483	12,2%	103.259.836	11,9%	8.224.353	8,7%	-0,2 %pt
Höfuðborgarsv.	25.000.000	3,2%	38.000.000	4,4%	13.000.000	52,0%	+1,2 %pt
Umsóknagáttin	5.000.000	0,6%	5.000.000	0,6%	0	0,0%	-0,1 %pt
Samtals	781.600.000	100,0%	865.699.999	100,0%	84.099.999	10,8%	+0 %pt

Viðaukasamningur Sóknaaráætlunar

Viðaukasamningur um Sóknaaráætlun SSNV er við Mennta- og barnamálaráðuneytið en hann snýr að því að koma á fót svæðisbundu farsældarráði í landshlutanum, skv. 5. grein laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

Samningur við Bygðastofnun v/atvinnu- og byggðapróunar

Stjórn Bygðastofnunar hefur samþykkt skiptingu fjármagns.

Tafla 2 sýnir skiptingu fjármagns árið 2025

LANDSHLUTI	STÆRÐ	FJAR-LÆGD	ÍBÚA-ÞRÓUN	VIÐKVÆM SVÆÐI	ATVINNU-LÍF	VEGIÐ SKOR	REIKNUÐ UPPHÆÐ	UPPHÆÐ Á 1000 ÍB.
Vestfirðir	2,43	4,37	3,92	4,97	3,74	3,62	41.406.960	5.776.641
Norðurland eystra	4,20	2,68	2,72	3,88	2,66	3,35	38.302.838	1.213.113
Austurland	2,88	4,36	3,21	2,78	2,16	3,06	35.034.671	3.160.548
Suðurland	4,29	2,50	2,18	2,12	2,66	3,03	34.727.277	1.019.112
Vesturland	2,78	2,32	3,08	3,00	3,30	2,86	32.740.121	1.879.564
Norðurland vestra	2,12	2,92	3,53	2,12	4,05	2,86	32.684.439	4.481.003
Suðurnes	2,29	1,86	2,36	2,12	2,43	2,22	25.403.694	821.249
VIGT	5	3	2	2	3		240.300.000	

Jöfnunarsjóður

Gert er ráð fyrir að framlag Jöfnunarsjóðs til SSNV verði 51.320.496 líkt og fram kemur í samþykkttri fjárhagsáætlun SSNV fyrir árið 2025.

2. Skipulag ársins.

Stjórn fór yfir skipulag funda stjórnar SSNV árið 2025.

3. Verkefni Uppbyggingarsjóðs 2025 og framsetning þeirra.

Úthlutanir Uppbyggingarsjóðs fyrir árið 2025 liggja fyrir og eru samþykktar af fagráðum og úthlutunarnefnd. Þau verkefni sem fengu úthlutun úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands vestra verða kynnt fljótlega á vef SSNV. Stjórn er sammála um að verkefnið verði vel kynnt á opinberum vettvangi.

4. C.1 verkefni – umsóknir SSNV.

Magnús Barðdal starfsmaður SSNV kom til fundar og kynnti yfirferð á umsóknum sem SSNV mun senda frá sér fyrir hönd landshlutans í C.1 Sértek verkefni sóknaaráætlanasvæða.

Stjórn þakkar góða yfirferð.

5. Verkefnastjóri farsældar.

Gengið hefur verið frá ráðningu við Söru Björk Þorsteinsdóttir sem verkefnastjóra farsældar á Norðurlandi vestra. Helstu verkefni verkefnisstjóra svæðisbundinna farsældarráða er að koma á fót svæðisbundnu farsældarráði í landshlutanum skv. 5. gr. farsældarlaga.

6. Framlögð mál til kynningar

a. Fundargerðir

Stjórn SSA, 13. desember 2024. [Fundargerðin.](#) Stjórn SSA, 22. nóvember 2024. [Fundargerðin.](#) Stjórn SSH, 2. desember 2024. [Fundargerðin.](#) Stjórn SSH, 16. desember 2024. [Fundargerðin.](#) Stjórn SSV, 27. nóvember 2024. [Fundargerðin.](#) Stjórn SSNE, 13. desember 2024. [Fundargerðin.](#) Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, 13. desember 2024. [Fundargerðin.](#) Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, 29. nóvember 2024. [Fundargerðin.](#) Fundargerð úthlutunarnefndar, 07.11.2024. [Fundargerðin.](#) Fundargerð úthlutunarnefndar, 28.11.2024. [Fundargerðin.](#)

b. Umsagnir

[Verum Hagsýn í rekstri.](#) Mál nr. S-1/2025. Umsagnarfrestur er til og með 23. janúar 2025. [Drög að flokkun tíu vindorkukosta.](#) Mál nr. S-229/2024. Umsagnarfrestur er til og með 10. janúar 2025. Framkvæmdastjóra falið að senda inn umsögn.

7. Skýrsla framkvæmdastjóra

Skýrsla framkvæmdastjóra flutt munnlega.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 11:30.

Einar E. Einarsson,
Álfhildur Leifsdóttir,
Magnús Magnússon,
Guðmundur Haukur Jakobsson,
Halldór Gunnar Ólafsson,
Katrín M. Guðjónsdóttir.